

Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Egilsstöðum, 1. febrúar 2022

**Efni: Umsögn Skógræktarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012 (aukinn metnaður, gagnsæi og aðhald).**

Skógræktin leggur til eftirfarandi breytingu á orðskýringu í 3. gr., 7. tölulið núgildandi laga um loftslagsmál:

[7.] 2) Kolefnisjöfnun: Þegar aðili hlutast til um aðgerðir ~~annars aðila~~ til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og/eða binda kolefni úr andrúmslofti og notar staðfestingu á slíkum samdrætti eða bindingu til að jafna út sína eigin losun að hluta eða öllu leyti.

Greinargerð:

Lagt er til að orðin *annars aðila* falli niður. Eins og löggin eru núna getur aðili ekki kolefnisjafnað sig með eigin aðgerðum, heldur einungis með því að annar aðili gerið það fyrir sig, þ.e. með því að kaupa af honum kolefniseiningar. Þar með geta t.d. bændur ekki kolefnisjafnað eigin rekstur með því t.d. að rækta eigin skóg eða fylla í eigin skurði. Þessi skilgreining miðast eingöngu við ETS kerfi Evrópusambandsins. Nú er hins vegar hvatt til þess að aðilar utan þess kerfis kolefnisjafni sig á margvíslegan hátt. Skilgreiningin eins og hún er núna felur í sér verulegan neikvæðan hvata til þess að fyrirtæki og einstaklingar vinni að kolefnisjöfnun. Það er bráðnauðsynlegt að þessu verði breytt.

Virðingarfyllt



Þröstur Eysteinnsson  
skógræktarstjóri